

**Bífhjól**

# NÁMSKRÁ

fyrir bífhjólaréttindi

FLOKKUR A1, A2 og A



**Maí 2013**



**UMFERÐARSTOFA**



## AUGLÝSING um námskrá fyrir bifhjólaréttindi.

Með vísan til 5. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskipteini hefiu ráðherra staðfest námskrá fyrir bifhjólaréttindi (ökuréttingaflokk A), sem birt er á heimasíðu Umferðarstofu.

Ákvæði námskránnar taka gildi við undirritun auglýsingar þessarar. Við gildistöku er um leið felld úr gildi eldri námskrá fyrir bifhjólaréttindi, flokkur A, A1 og M sem staðfest var af ráðherra þann 26. júní 2008, þó þannig að ákvæði er varða M-flokk gilda áfram fyrir AM-flokk.

*Innanríkisráðuneytinu, 19. apríl 2013.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 8. maí 2013



# Efnisyfirlit

<b>NÁMSKRÁ</b>	<b>1</b>
<b>1. kafli</b>	<b>3</b>
<b>Skipulag ökunáms</b>	<b>3</b>
1.1 Inngangur	3
1.2 Meginmarkmið	3
1.3 Þrepaskipting	3
1.4 Stigskipt ökuréttindi	4
1.5 Ferli ökunáms	4
1.6 Fjöldi kennslustunda	5
1.7 Ökunámsbók – ökunámsferill	6
1.8 Hlutverk og skyldur ökukennara og ökuskóla	6
<b>2. kafli</b>	<b>7</b>
<b>Fræðilegur hluti</b>	<b>7</b>
2.1 Inngangur	7
2.1.1 Yfirlit yfir bifhjólakennslu	7
2.1.2 Bifhjól og torfærutæki	7
2.1.3 Stofnanir umferðarmála og samtök bifhjólafólks	7
2.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin	7
2.2.1 Búnaður ökutækis og notkun	8
2.2.2 Öryggis- og verndarbúnaður ökumanns og farþega	9
2.2.3 Áhætta, umferðarslys og orsakir	10
2.2.4 Umferðarlöggjöfin	10
2.3 Umferðarhegðun	10
2.3.1 Hraði og aðstæður	10
2.3.2 Staða á vegi	12
2.3.3 Stöðvun og lagning bifhjóla	12
2.3.4 Áhætta og áhættumat	13
2.3.5 Aðreinar og fráreinar – langakstur á þjóðvegum/hraðbrautum	13
2.3.6 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi	13
<b>3. kafli</b>	<b>15</b>
<b>Verklegur hluti</b>	<b>15</b>
3.1 Æfingar á afmörkuðu svæði	16
3.1.1 Öryggis- og verndarbúnaður ökumanns og farþega.	16
3.1.2 Öryggiseftirlit.	16
3.1.3 Eiginleikar bifhjóls.	17
3.1.4 Stjórnæki bifhjóls.	17
3.1.5 Jafnvægi og stýring, hægri og vinstri beygjur.	17
3.1.6 Mjög hægur akstur eftir beinni línu (snigilakstur).	17
3.1.7 Akstur í misstóra hringi.	18
3.1.8 Akstur í litlar og stórar áttur.	18
3.1.9 Akstur í U-beygju.	18
3.1.10 Akstur eftir keilubraut.	18
3.1.11 Stöðvun hjóls og nauðhemlun.	18
3.1.12 Jafnvægisæfingar með farþega.	18
3.2 Akstur í umferð	18

---

3.2.1	Tækni við að líta eftir annarri umferð.	19
3.2.2	Akstur á gatnamótum.	19
3.2.3	Staða á vegi, samspil í umferðinni, akreinaskipti o.fl.	19
3.2.4	Nema staðar og aka af stað í brekku.	20
3.2.5	Akstur með farþega í blandaðri umferð.	20
<b>3.3</b>	<b>Akstur við erfiðar aðstæður</b>	<b>20</b>
3.3.1	Akstur á þjóðvegi með bundnu og óbundnu slitlagi.	20
3.3.2	Framúrakstur, mæting og akstur í myrkri.	20
<b>3.4</b>	<b>Lokakennsla - ýmsar æfingar eftir þörfum nema.</b>	<b>21</b>
<b>Að loknu 4. þrepi skal neminn</b>		<b>21</b>
<b>4. kafli</b>		<b>22</b>
<b>Próflýsing</b>		<b>22</b>
<b>4.1</b>	<b>Prófferlið</b>	<b>22</b>
<b>4.2</b>	<b>Fræðilegt próf</b>	<b>22</b>
<b>4.3</b>	<b>Verklegt próf</b>	<b>22</b>
4.3.1	Verndarbúnaður og öryggi í prófi	23
4.3.2	Munnlegt próf	23
4.3.3	Æfingar á lokuðu svæði	23
4.3.4	Akstur í umferð	26
<b>4.4</b>	<b>Prófdæming</b>	<b>26</b>

## 1. kafli

# Skipulag ökunáms

### 1.1 Inngangur

Umferðarstofa setur námskrár fyrir einstaka flokka ökuréttinda, að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Ráðherra staðfestir námskrár. Námskrá kveður á um þá þekkingu, hæfni og leikni sem umsækjandi þarf að búa yfir til að öðlast ökuréttindi.

Námskráin gefur heilsteypnan ramma um ökunám til ökuréttinda fyrir bifhjól. Námskráin gildir um nám á bifhjól í **A1-, A2- og A-flokki**.

### 1.2 Meginmarkmið

Ökukennslan skal hafa það að meginmarkmiði að neminn tileinki sér það viðhorf og þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að hann aki:

- *með sem mestu öryggi,*
- *með fullri fyrirhyggju og framsýni,*
- *með öryggisbúnað bifhjóls í lagi og noti verndarbúnað ökumanns á réttan hátt*
- *með fullu tilliti til öryggis og heilsu annarra og umhverfisins og*
- *í samræmi við fyrirmæli umferðarlaga, reglugerða og annarra fyrirmæla sem sett eru um akstur og umferð.*

### 1.3 Þrepaskipting

Námskráin tekur mið af því að akstur bifhjóls er flókin athöfn sem gerir miklar kröfur til ökumanns því hann verður alltaf að hafa fulla stjórn á ökutækinu.

Í 2. kafla námskrárinnar eru námsmarkmið fræðilega námsins en þau skiptast í þessa **námsþætti**. Hverjum námsþætti er skipt í undirmarkmið.

1. Inngangur
2. Ökutækið – vegurinn – umferðin
3. Umferðarhegðun.

Í 3. kafla námskrárinnar eru námsmarkmið verklega námsins en þau fylgja fjórum þrepum. Þrepinn ná fyrst til einfaldra undirstöðuatriða og síðan til þess samsetta og flókna sem krefst samhæfingar þátta eins og rétttrar skynjunar, framsýni og réttra viðbragða. Hver einstakur flokkur athafna við stjórn bifhjóls er þjálfður og færður til sjálfvirkni um leið og nýjum athöfnum er bætt við.

Þrep verklegrar þjálfunar eru þessi:

1. þrep: **Æfingar á afmörkuðu svæði**
2. þrep: **Akstur í umferð**
3. þrep: **Akstur við erfiðar aðstæður**
4. þrep: **Lokakennsla - blönduð.**


Sá þáttur sem ræður mestu um öryggi ökumanns er hvernig honum tekst til við öflun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Honum verður að vera umhugað um öryggi allra í umferðinni og að sýna rétta umferðarhegðun.

Í verklegri þjálfun er mikilvægt að fylgja eðlilegri uppbyggingu athafna sem næst þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í námskránni. Æskilegt er að verkleg þjálfun fari fram samhliða fræðilegu námi.

## 1.4 Stigskipt ökuréttindi

Ökuréttindi á bifhjól eru stigskipt og gert ráð fyrir að ökumaður venjist aflminna hjóli áður en hann ekur aflmestu hjólunum. Ökuskírteini fyrir A1-flokk getur umsækjandi fengið við 17 ára aldur. Við 19 ára getur hann öðlast ökuskírteini fyrir A2-flokk. Til að öðlast ökuréttindi á aflmeiri bifhjól en 35kW þarf að hafa tveggja ára reynslu á bifhjól í A2-flokki og því er það fyrst við 21 ára aldurinn. Sá sem hefur ekki tveggja ára reynslu á bifhjól í A2-flokki getur ekki fengið þau réttindi fyrr en 24 ára eftir nám og próf. Reynsla á bifhjól í AM- og A1-flokki ökuréttinda telst ekki með í þessari tveggja ára reynslu.

Hér má sjá yfirlit yfir réttindaflokka, afl hjóla, aldursmörk og önnur skilyrði til að öðlast réttindi. Neðst í flokkum eru talin upp þau önnur réttindi sem fylgja:



## 1.5 Ferli ökunáms

Ökukennsla er í höndum ökukennara og ökuskóla. Ökukennari ber ábyrgð á að nemi hafi fengið fullnægjandi kennslu (fræðilega og verklega) í samræmi við námskrá.

Skipulag og innihald námskrárinnar er miðað við að bóklegu námi til almennra ökuréttinda sé lokið. Kjósi ökunemi að taka bifhjólaréttindi sem fyrstu ökuréttindi sín skal hann einnig fullnægja námsskyldu að hluta fyrir



bóklegan hluta almennra ökuréttinda þ.e. Ö1. Einnig má gera ráð fyrir að hann þurfi meiri verklega kennslu.

Fræðilegur hluti ökunáms skal fara fram í ökuskóla. Bóklegt nám missir gildi ef meira en 12 mánuðir líða frá lokum náms þar til viðkomandi gengst undir próf.

## 1.6 Fjöldi kennslustunda

Ökunemi skal fá þann tíma til ökunáms sem hann þarf til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í námskránni.

Miða skal við að bóklegt nám til A2 og A-flokks sé að lágmarki 24 kennslustundir. Meta má nám til B-flokks sem hluta af námi til A-flokks. Fjöldi kennslustunda í bóklegu námi fyrir A-flokk er því að lágmarki 12 fyrir þá sem hafa lokið bóklegu námi fyrir flokk B.

Bóklegt nám fyrir B-flokk, Ö1 og Ö2, telst vera fullnægjandi nám fyrir A1-flokk.

Kennslustundir í verklegu námi fyrir A2- og A-flokk skulu vera að lágmarki 11 og fyrir A1-flokk 5. Gera má ráð fyrir að sumir nemar þurfi fleiri kennslustundir, sérstaklega þeir sem hafa ekki almenn ökuréttindi.

Taflan sýnir lágmarksfjölda kennslustunda í flokkum bifhjóla, próf og hvernig heimilt er að meta nám í öðrum flokkum:

Flokkur	Undanfari	Bóklegt	Verklegt	Próf	Aldursmark
<b>A1</b>		<b>12</b>	<b>5</b>	Skriflegt Verklegt	17 ára
	AM eða B	0			
<b>A2</b>		<b>24</b>	<b>11</b>	Verklegt	19 ára
	AM eða B	12			
	A1	6			
<b>A</b>		<b>24</b>	<b>11</b>	Skriflegt Verklegt	24 ára
	AM eða B	12			
	A1	6			
	A2	0	0	Verklegt	2 ár með A2 21 árs

Leiðbeiningar um skiptingu verklegra kennslustunda á þrep verklegs náms má finna í 3. kafla, verklegur hluti.

Kennslustund er miðuð við 45 mínútur. Heimilt er að stytta eða lengja kennslustundir en gæta verður að því að heildartími haldist.

## 1.7 Ökunámsbók – ökunámsferill

Við upphaf kennslu skal ökukennari afhenda ökunema *ökunámsbók*. Hún skal sýna feril ökunáms frá upphafi þar til ökuþróf er staðið.

Í ökunámsbók skal skrá upplýsingar um kennslustundir sem nemi fær í ökuskóla og í verklegri kennslu hjá ökukennara.

Ökunámsbók er gerð samkvæmt fyrirmælum Umferðarstofu.

## 1.8 Hlutverk og skyldur ökukennara og ökuskóla

Kennsla skal fara fram í samræmi við námskrá og aðrar reglur um ökukennslu.

Námskráin segir til um það hlutverk sem ökukennarar og ökuskólar hafa í ökukennslu og þær skyldur sem hvíla á herðum þeirra varðandi undirbúning nemans áður en hann gengst undir ökuþróf og öðlast ökuréttindi á bifhjól.

Sýni ökukennari eða ökuskóli veruleg frávik frá fyrirmælum námskrár eða annarra reglna um starfsemi ökukennara og ökuskóla geta ákvæði um viðurlög komið til framkvæmda, þ.e. svipting ökukennararéttinda eða afturköllun starfsleyfis ökuskóla.

## 2. kafli

# Fræðilegur hluti

## 2.1 Inngangur

Hér fæst yfirlit yfir fræðilega hluta námskrárinnar. Tilgreint er hvaða skilyrði neminn þarf að uppfylla til að fá ökuréttindi og hvaða reglur gilda um hvernig hann uppfyllir þau skilyrði. Í fræðilega hlutanum er gert ráð fyrir að neminn uppfylli einnig þau viðeigandi námsmarkmið sem liggja að baki ökuréttinda í B-flokki. Mikilvægt er að neminn sjái víðari tilgang með náminu en þann einan að fá ökuskráteinið.

### 2.1.1 Yfirlit yfir bifhjólakennslu

Neminn þekki

- *helstu markmið þessarar námskrár*
- *að kennslunni er skipt í bóklegan hluta og verklegan sem eiga að tengjast þannig saman að kennslan skili sem mestum árangri*
- *reglur sem gilda um ökunema í kennsluakstri á bifhjól hjá ökukennara*
- *ábyrgðina sem fylgir kennsluakstri og að hann megi ekki vera til óþæginda fyrir aðra né stofna þeim í hættu og hvaða afleiðingar það hefur ef reglum er ekki fylgt.*

### 2.1.2 Bifhjól og torfærutæki

Neminn þekki

- *tegundir bifhjóla og torfærutækja*
- *hvaða kröfur um ökuréttindi eru gerðar til þeirra sem vilja aka þessum ökutækjum*
- *reglur um stigskipt ökuréttindi á bifhjól og þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá ökuréttindi á bifhjól í A1-, A2- og A-flokki.*

### 2.1.3 Stofnanir umferðarmála og samtök bifhjólafólks

Neminn þekki helstu stofnanir umferðarmála og samtök bifhjólafólks þ.á m. um þjónustu sem veitt er og upplýsingar sem nálgast má hjá þessum aðilum

- *Umferðarstofu*
- *Vegagerðinni*
- *lögreglu*
- *hagsmunasamtökum bifhjólafólks.*

## 2.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin

Gerð og búnaður ökutækis skiptir miklu fyrir öryggi ökumanns og farþega og miklar kröfur eru gerðar til öryggisbúnaðar. Mikilvægt er að fylgst sé með þessum búnaði og þess gætt að endurnýja búnað ef hann skemmist eða slitnar eftir langvarandi notkun. Ökuneminn verður að læra aðferðir til að greina bilanir og gera sér grein fyrir nauðsyn reglubundins eftirlits með öryggisbúnaði ökutækisins.

Neminn þarf að læra hvernig umferðarmannvirki, akreinar og útskot eru notuð til að greiða leið ökumannsins og annarra vegfarenda. Einnig þarf hann að þekkja yfirborðsmerkingar á vegum og umferðarmerki sem eru á og við veg, merkingu þeirra og hvernig ber að bregðast við þeim.

Umferðin er samvinna allra vegfarenda sem vilja komast leiðar sinnar og stefna samtímis að því marki að tryggja öryggi allra sem ferðast um í umferðinni og þeirra sem búa eða starfa nálægt vegum.

### 2.2.1 Búnaður ökutækis og notkun

Neminn geti metið ástand bifhjóls og kannað hvort kröfum reglna um búnað er fullnægt og geti greint bilanir eða slit sem kunna að gera bifhjólið ótryggt eða óhæft í notkun.

Neminn kunni skil á almennum eiginleikum mismunandi gerða af bifhjólum og þeim greinarmun sem gerður er á bifhjólum í A1-, A2- og A-flokki og þekki reglur um réttindi sem þarf .

Neminn geti bent á aðahluti bifhjóls á hjóli, líkani eða mynd og nefnt nöfn þeirra, m.a. vél ásamt gírurum og drifi, hemla, stýrisbúnað, hjól, afturgaffal og framgaffal.

Neminn geti metið ástand bifhjóls með hliðsjón af gildandi fyrirmælum og skorið úr um hvort ökutækið er ökufært. Þetta gildir um handhemil, fóthemil, stýrisbúnað, hjólabúnað, hjólbarða, ljós, rafkerfi, fjaðrir (gorma), höggdeyfa, hreyfil, aflfærslubúnað (drifkeðju), eldsneytiskerfi, útblásturskerfi, burðarvirki, sæti, standara og spegla.

Neminn viti að útblástur frá vél er eitraður og þekki ráð fyrir ökumenn

- *til að draga úr hættu á að skaða sjálfan sig, farþega, aðra vegfarendur eða umhverfi*
- *til að draga úr hávaðamengun frá bifhjólinu.*

Neminn kunni góð skil á hemlakerfi bifhjóls og hvernig á að líta eftir því að hemlar séu í lagi og geti m.a. tilgreint

- *orsakir þess ef hemlavökvi er of lítill og hemlafetill gangi of langt niður*
- *hversu fast þarf að toga í eða stíga á hemla svo þeir virki.*

Neminn geti gert grein fyrir hvernig hægt er að prófa hemla.

Neminn geti gert grein fyrir því hvaða áhrif það hefur á hemlun bifhjóls að

- *hemla lengi*
- *aka á blautum vegi*
- *hemla með diskahemlum og skálahemlum.*

Neminn geti útskýrt stýrieiginleika bifhjóls og hvaða atriðum ber að fylgjast með svo að hjólið missi ekki stýrihæfni.

Neminn viti að

- *einungis má nota hjólbarða sem eru viðurkenndir fyrir viðkomandi gerð af bifhjóli*
- *aksturseiginleikar bifhjóls geta breyst við það að skipta um hjólbarða*

- *á mörgum bifhjólahjólborðum er ör sem sýnir snúningsstefnu*
- *sumar gerðir hjólbarða auka verulega hættu á steinkasti.*

Neminn kunni skil á ákvæðum um hjólbarða bifhjól og geti m.a.

- *tilgreint hversu slitnir hjólbarðar mega vera*
- *bent á hættuna sem fylgir því að aka á slitnum hjólborðum eða hjólborðum sem eru skornir eða skemmdir á annan hátt.*

Neminn viti að loftþrýstingur í hjólborðum hefur áhrif á slit þeirra, hemlunareiginleika ökutækis, stýrieiginleika, rásfestu, akstur hlaðins hjóls, hraðan akstur og þægindi ökumanns.

Neminn geti í stuttu máli gert grein fyrir ljósabúnaði bifhjól og viti

- *hvaða ljósabúnað er skylt að hafa á bifhjóli*
- *að fylgja þarf sérstökum reglum ef aukaljos eru sett á bifhjól.*

Neminn geti

- *greint á milli ljósgeisla aðalljósa og þekki hættuna á að blinda með háa geislanum ef bifhjól er hlaðið*
- *sagt til um hvort aðalljósapera sé rétt sett í*
- *bent á notagildi gaumljóss fyrir háa geislann*
- *greint á milli glitaugna sem ætluð eru fyrir vélknúin ökutæki eða eftirvagn*
- *tilgreint hvort glitauga er ætlað að vera framan eða aftan á ökutæki.*

Neminn þekki helstu atriði um tengingu og notkun hliðarvagns við bifhjól og viti að öðru leyti hvar hann getur leitað sér upplýsinga um tæknilegan útbúnað bifhjóla.

## **2.2.2 Öryggis- og verndarbúnaður ökumanns og farþega**

Neminn

- *viti að öryggis- og hlífðarfatnaður skal vera af viðurkenndri gerð*
- *viti um helsta fatnað sem vöð er á fyrir ökumenn og farþega bifhjóla, svo sem hanska, nýrnabelti, hettur, leðurfatnað og skófatnað.*
- *þekki sérhæfðan verndarbúnað sem notaður er á ákveðnum torfærutækjum s.s. brynjur, hné- og olnbogahlífar.*
- *sé meðvitaður um nauðsyn þess að vera vel klæddur við akstur bifhjól*
- *viti um nauðsyn hlífðarfatnaðar til að verjast kulda og blæstri og viti um helstu annmarka hlífðarklæðnaðar.*

Neminn viti að

- *bifhjólahjálmur skal vera af viðurkenndri gerð*
- *velja þurfi rétta stærð og gerð af hjálmi svo að hann detti ekki af ef slys verður*
- *hversu mikilvæg hökuól hjálms er*
- *ekki má mála, lakka eða líma merki á sumar gerðir hjálma og að minni háttar skemmdir (rispur og högg) geta veikt hjálm*
- *gleraugu og hjálmgríma (gler) mega alls ekki vera rispuð*
- *litað gler veldur því að það sést illa fram á veg í myrkri og að það dregur úr möguleikum á að ná augnsambandi við aðra ökumenn*

- *öryggi eykst ef hjálmur og yfirhöfn eru í áberandi litum*
- *góðir hjálmar og fót geta gefið ökumanni þá tilfinningu að hraði sé minni en hann er í raun.*

Neminn þekki

- *sjálflýsandi búnað og endurskinsbúnað*
- *búnað sem hægt er að fá til vetraraksturs.*

Neminn þekki þau lagalegu ákvæði sem skylda notkun öryggis- og verndarbúnaðar ökumanns og farþega á bifhjóli.

### 2.2.3 Áhætta, umferðarslys og orsakir

Neminn þekki til tölfraði og umfangs bifhjólaslysa í dag þar á meðal um

- *fjöldi slasaðra og látinna í umferðinni*
- *tegundir meiðsla*
- *umhverfisskaða*
- *helstu orsakir bifhjólaslysa*
- *á hvaða tíma sólarhringsins, mánaðarins eða ársins flest bifhjólaslys verða.*

Neminn skilji að akstur bifhjóls felur alltaf í sér hættu á meiðslum fyrir ökumann, farþega og aðra vegfarendur.

### 2.2.4 Umferðarlöggjöfin

Neminn þekki þau atriði sem snerta hann sem eiganda og/eða ökumann bifhjóls og þátttakanda í umferðinni úr

- *umferðarlögum*
- *reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra*
- *lögum um náttúruvernd*
- *reglugerð um ökuskírteini*
- *reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota*
- *reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim*
- *reglugerð um gerð og búnað ökutækja*
- *öðrum lögum og reglum sem stjórnvöld setja um umferð.*

## 2.3 Umferðarhegðun

Þessi hluti fræðilega námsins fjallar um þær grunnreglur í akstri sem leiða til ábyrgðar, öryggis og tillitssemi ökumanns við alla þá sem þátt taka í umferðinni og þá sem búa eða starfa nálægt vegi. Umferðarlögin og reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra eru tekin fyrir ásamt efni um líkamlega þætti og umferðarsálfræði. Neminn verður að öðlast skilning á þeirri áhættu sem fylgir akstri bifhjóla í umferðinni og læra leiðir til að forðast aðstæður í umferðinni sem auka hættu eða slysalíkur. Honum verður að vera ljóst að akstur er aldrei án áhættu og hann leggur þunga ábyrgð á herðar ökumanns og krefst fullrar einbeitingar hans.

### 2.3.1 Hraði og aðstæður

Neminn viti að hreyfiorka og miðflóttakraftur eykst með auknum hraða og viti hvaða hættu felst í þeirri aukningu við akstur bifhjóls.

Neminn þekki hraðaeiginleika bifhjóls og viti að á bifhjóli er unnið gegn miðflóttaafli í beygjum með því að halla hjólinu.

Neminn geti gert grein fyrir því að hættulegt er að aka of hratt í beygjum og þá um leið halla bifhjóli mjög mikið, jafnvel á malbiki, vegna þess að þá

- *grípa hjólbarðar misjafnlega vel í yfirborð akbrautar*
- *skemmast hjólbarðar og geta sprungið*
- *geta meiðsl hlotist af ef fótur rekist niður í yfirborð akbrautar*
- *getur standari, fótstig og hljóðkútur rekist í yfirborð akbrautar og orðið til þess að hjól veltur.*

Neminn þekki þær hættur sem fylgja akstri bifhjóla með hliðarvagni hvað varðar hraða og jafnvægi í beygjum.

Neminn viti hvaða höfuð- og fótastaða er æskilegust í akstri á beinni braut og í beygju.

Neminn viti hvers vegna og hvernig bifhjól rennur til við minnkandi veggrip svo sem í lausamöl, bleytu eða háلكu.

Neminn geti gert grein fyrir

- *hvernig gott veggrip kemur að gagni við að hafa stjórn á bifhjóli við mismunandi aðstæður*
- *nauðsyn þess að veggrip sé sem jafnast á fram- og afturhjólum.*

Neminn geti gert grein fyrir hvaða þýðingu mynsturdýpt hjólbarða, bleyta á bundnu slitlagi, aksturslag og hraði, og samspil þessara atriða, hefur fyrir veggrip.

Neminn þekki hvaða áhrif hraði, hröðun og hemlun hefur á veggrip bifhjóls í beygju, þá sérstaklega í háلكu.

Neminn geti

- *greint á milli viðbragðsvegalengdar og hemlunarvegalengdar*
- *sagt til um hver stöðvunarvegalengd er við tiltekna aðstæður*
- *greint frá leiðum til að draga úr stöðvunarvegalengd.*

Neminn geti greint frá því hvaða áhrif það hefur á umferðaröryggi að vera athugull, að sjá fyrir hugsanlegar breytingar á aðstæðum og að vera ávallt viðbúinn því að þurfa að hemla.

Neminn geti sagt hversu langur vegur án hindrana þarf að vera fyrir framan bifhjól sem ekið er á 20, 40, 60 og 80 km hraða á klst. til að unnt sé að stöðva það á öruggan hátt.

Neminn viti hvernig nota á framhemil og afturhemil bifhjóls og hve mikilvægt er að jafna hemlun. Einnig að með auknum hraða skipta framhemlar meira máli en afturhemlar.

Neminn viti hvernig er nauðhemlað og beygt frá hættu og þekki svokallaða „gagnstýringu”.

Neminn geti

- nefnt hvað helst bregst þegar meta á fjarlægð og hraða
- bent á hvaða áhrif slík mistök geta haft á öryggi í akstri.

Neminn viti að val á skynsamlegum ökuhraða er háð aðstæðum hverju sinni, svo sem staðháttum, færð, veðri og umferðarmagni.

Neminn geti nefnt aðrar aðstæður þar sem sýna þarf sérstaka aðgæslu (t.d. hlemmar á holræsum, slitlagsbrúnir, vegmerkingar og vegaframkvæmdir).

Neminn geti nefnt staði og aðstæður þar sem ökumaður þarf að aka hægt og vera viðbúinn að nema staðar ef nauðsyn krefur.

### 2.3.2 Staða á vegi

Neminn geti gert grein fyrir

- hvað hugtakið „staða á akbraut“ merkir og skilji þörfina á reglum um stöðu ökutækja í akstri á akbraut fyrir umferðaröryggi
- að staða byggir á fjarlægð frá vegkanti og öðrum ökutækjum til hliðar og frá þeim sem á undan aka
- að bil milli ökutækja þarf að ákveða með tilliti til hraða og veggrips og kunni aðferðir til að velja hæfilegt bil að næsta ökutæki.

Neminn viti að ökumaður á ekki að nauðsynjalausur að víkja til hliðar frá sínum stað á akbrautinni og þekki reglur um það þegar skipt er um akrein.

Neminn kunni skil á og geti rökstutt reglur um akstur og stöðu bifhjól á vegamótum og í beygjum m.t.t. annarrar umferðar svo sem stórra bifreiða. Hann viti einnig að ekki megi aka samhliða bifreiðum eða öðrum bifhjólum á sömu akrein.

Neminn geti fundið öruggustu stöðu ökutækis á akrein með tilliti til skyggnis, veggrips og þess hversu vel aðrir sjá ökutækið.

Neminn þekki sérstöðu bifhjóla með hliðarvagni hvað varðar stöðu á vegi í beinum akstri og í beygjum.

### 2.3.3 Stöðvun og lagning bifhjóla

Neminn geti endursagt meginreglur um hvar má stöðva eða leggja bifhjóli og geti sagt til um:

- hvar bannað er að stöðva bifhjól
- hvar bannað er að leggja bifhjóli.

Neminn útskýri með dæmum hvernig hægt er að forðast óþægindi og koma í veg fyrir hættuástand þegar bifhjóli er lagt.



### 2.3.4 Áhætta og áhættumat

Þessi hluti fjallar um að ökumenn þurfi að móta með sér heppilegt viðhorf gagnvart samferðafólki sínu í umferðinni og þroska hæfileika til að gera sér grein fyrir þeim margvíslegu hættum sem fylgja notkun bifhjóls.

Neminn viti að mistök ökumanns, svo sem skortur á athygli, rangt mat á hraða og fjarlægð og of hraður akstur miðað við aðstæður, auka líkur á því að margs konar slys geti orðið.

Neminn viti að „varnarakstur“ þýðir að vera ávallt viðbúinn því að bregðast við óvæntri hættu og því að aðrir ökumenn brjóti umferðarreglurnar.

Neminn viti um hættuna á að aka á dýr sem stödd eru á eða við veg, svo sem búfé eða fugla, eða aðra aðskotahluti, svo sem grjót.

Neminn geti nefnt dæmi um hvaða þýðingu þekking, færni, viðhorf og akstursreynsla hefur fyrir öruggan akstur.

### 2.3.5 Aðreinar og fráreinar – langakstur á þjóðvegum/hraðbrautum

Neminn geti nefnt algeng mistök við að meta fjarlægð til ökutækis og hraða þess, svo og áhættuþætti vegna aksturs inn á eða út af aðalbraut; auk þess tilgreini neminn hvernig hann gæti brugðist við þessu.

Neminn skilji mikilvægi þess fyrir ökumann að sjá og fylgjast með langt fram fyrir ökutækið þegar ekið er á þjóðvegum og geti nefnt dæmi um að hverju þarf sérstaklega að gæta.

Neminn geti lýst skynsamlegum viðbrögðum ökumanns gagnvart þeim hindrunum sem búast má við á eða við veg í dreifbýli svo sem búfénaði eða kyrrstæðu ökutæki og bent á algengar hættur í því sambandi.

Neminn viti um þær hættur sem fylgja akstri bifhjóls á blautum, holóttum vegum og í hálfu af völdum ísingar, olíu og sérstöku yfirborði vega.

Neminn viti hvernig akstur bifhjóls á mól og malarvegi er frábrugðinn akstri á bundnu slitlagi.

Neminn kunni skil á því hvernig hægt er að aka bifhjóli á malarvegi þannig að fyllsta öryggis sé gætt.

Neminn þekki helstu öryggisreglur sem ber að fylgja á ferðalögum utan þéttbýlis um fáfarnar leiðir og óbyggðir.

### 2.3.6 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi

Neminn viti að sá sem notar bifhjól er ábyrgur fyrir að

- það sé skráð
- það sé löglega tryggt
- skráningarskírteini og skoðunarvottorð sé meðferðis
- það sé búið þeim öryggisbúnaði sem lög gera ráð fyrir

- *hjálmur og annar viðurkenndur verndarbúnaður sé notaður af ökumanni og farþega.*

Neminn viti að akstur með farþega krefst sérstakrar gætni og ef ekið er með börn þarf að tryggja það að barnið haldist tryggilega á bifhjólinu t.d. með sérstökum öryggis- og verndarbúnaði.

Neminn geri sér grein fyrir að akstur að vetrarlagi felur í sér aukna hættu s.s. vegna hálfu sem gerir bifhjól óæskileg ökutæki að vetrarlagi.

Neminn viti að bannað er að aka bifhjóli ef ökumaðurinn er ekki í ástandi til að stjórna því af öryggi, t.d. vegna þess að hann er

- *undir áhrifum áfengis, lyfja eða annarra vímuefna*
- *veikur eða þreyttur*
- *í einhverju öðru ástandi sem gerir akstur óöruggan.*

### 3. kafli

## Verklegur hluti

Tilgangur verkegrar kennslu er að veita nema innsýn í virkni og meðferð bifhjólis. Með því að kynna hjólinu og taka þátt í æfingum í notkun og akstri undir eftirliti ökukennara á neminn að læra að beita því á réttan og öruggan hátt.

Þessi kafli er byggður upp sem kennsluferli sem á að fylgja í aðalatriðum. Uppgefinn stundafjöldi er lágmarksfjöldi og ætla má að margir nemendur, einkum þeir sem ekki hafa reynslu af akstri létttra bifhjóla, þurfi fleiri stundir til að verða sjálfbjarga í umferðinni.

Nám samkvæmt þessum kafla má byrja samhliða bóklegu námi en mikilvægt er að útskýringar í kennslustofu styðji akstursþátt bifhjólanámsins.

Námið skiptist í fjögur meginþrep:

1. **Þrep: Æfingar á afmörkuðu svæði**
2. **Þrep: Akstur í umferð**
3. **Þrep: Akstur við erfiðar aðstæður**
4. **Þrep: Lokakennsla – ýmsar æfingar**

Taflan sýnir lágmarksfjölda kennslustunda eftir réttindum. Einnig er tilgreindur hámarksfjöldi ökunema á hvern ökukennara í senn.

Þrep	Kennslustundir		Hámarksfjöldi nema
	A1	A-A2	
1	2	4	4
2	2	4	3
3	0,5	2	3
4	0,5	1	1
<b>Alls</b>	<b>5</b>	<b>11</b>	

Við kennsluakstur á bifhjóli í umferð má ökukennari kenna mest þremur nemendum í senn. Ökukennarinn skal geta fylgst gaumgæfilega með akstri nemendanna. Ökukennarinn má og skal, ef fleiri en einum nema er kennt í senn, fylgjast með nemendum úr ökutæki sem fylgir á eftir. Ökutækið skal þannig búið að ökukennarinn geti haft handfrjálst fjarskiptasamband við nema. Við kennslu eins nema má ökukennarinn fylgjast með akstrinum úr farþegasæti bifhjólisins. Á afmörkuðu svæði þar sem ekki er önnur umferð þarf ökukennari ekki að vera í fjarskiptasambandi við nema.

Við kennslu og próf skal nota bifhjól viðurkennt til kennslu skv. *Reglugerð um ökuskrteini*.

### 3.1 Æfingar á afmörkuðu svæði

Markmið þessa hluta er að neminn kunni meðferð bifhjóls og þá grundvallartækni sem þarf til þess að geta stjórnað bifhjóli rétt og örugglega. Farið skal yfir gerð hjólsins, stjórnþæki þess og eiginleika með léttum æfingum. Þessar æfingar eru forsenda þess að kennsluakstur í umferð skapi ekki hættu. Hluti af náminu felst í því að fylgjast með því sem aðrir nemendur gera og læra af því. Námið í 1. þrepi skal, þar sem við verður komið, fylgja í kjölfar kennslu í skólastofu þar sem sambærilegar æfingar hafa verið sýndar, t.d. á myndbandi. Einnig er mælt með sýnikennslu ökukennara. Kynna skal eftir því sem unnt er akstur bifhjóla með hliðarvagni, prírhjóla bifhjóla og akstur torfærutækja með sýnikennslu eða æfingum.

Æfingar skulu fara fram á svæði sem er nægilega stórt og vel afmarkað þar sem ökukennari getur haft góða yfirsýn. Svæðið skal vera á sem næst lágréttum fleti og afmarkað frá annarri umferð.

#### Að loknu 1. þrepi skal neminn

- *nota nauðsynlegan öryggis- og verndarbúnað*
- *líta eftir öryggisbúnaði hjólsins*
- *sjá fram fyrir sig, til beggja hliða og aftur fyrir sig á akbraut*
- *leiða hjólið sér við hlið áfram, afturábak og í beygju af fullu öryggi*
- *hafa öðlast gott jafnvægi á hjólinu*
- *nota viðeigandi merkjagjöf við ræsingu, stöðvun, beygjur o.s.frv.*
- *hafa nægilegt vald yfir hjólinu til að aka í umferð undir leiðsögn og eftirliti kennara.*

Öryggisviðbúnaður og eftirtaldar æfingar miðast að því að ná þessum markmiðum.

#### 3.1.1 Öryggis- og verndarbúnaður ökumanns og farþega.

Neminn noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað á bifhjóli s.s.

- *viðeigandi bifhjólahjálmi og hlífðargleraugu*
- *hlífðarfatnað sem ver líkamann ásamt hönskum og sérstökum skóm*
- *aðrar persónuhlífar s.s. búnað sem ver hrygg, háls og innri líffæri.*

Neminn þekki gæða- og staðlamerkingar öryggis- og verndarbúnaðar.

#### 3.1.2 Öryggiseftirlit.

Neminn haldi bifhjóli í góðu lagi og lögmæltu ástandi.

Neminn líti eftir bilunum og sliti í

- *hand- og fóthömlum*
- *stýrisbúnaði*
- *hjólabúnaði og hjólbörðum*
- *ljósum*
- *rafkerfi*
- *fjöðrum*
- *höggdeyfum*
- *hreyfli*

- *aflfærslubúnaði*
- *eldsneytiskerfi*
- *útblasturskerfi*
- *burðarvirki*
- *sæti*
- *standara*
- *speglum.*

### 3.1.3 Eiginleikar bifhjóls.

Neminn leiði hjólið í hægri og vinstri beygjum, áfram og aftur á bak í þeim tilgangi að

- *átta sig á því hvernig hann fellur að því*
- *fá tilfinningu fyrir stærð og þyngd hjólsins*
- *finna þyngdarpunkt hjólsins.*

Neminn noti rétta ásetu með hliðsjón af því hvernig hægt er að

- *fá sem mest af upplýsingum úr umferðinni*
- *forðast þreytu*
- *snúa höfðinu til að sjá það sem annars væri í „blinda svæðinu“*
- *stöðva hjól fljótt og örugglega.*

Neminn undirbúi akstur rétt og gangi tryggilega frá hjóli og noti standara hjólsins rétt.

Neminn noti rétta stillingu á speglum.

### 3.1.4 Stjórnþæki bifhjóls.

Neminn

- *noti stjórnþæki hjólsins á réttan hátt*
- *ræsi hreyfil hjólsins á réttan hátt án rykks við ólíkar aðstæður, svo sem í kulda og þegar hreyfill er heitur*
- *drepi á hreyfli hjólsins.*

Neminn noti neyðarádrepara bifhjóls á réttan hátt.

### 3.1.5 Jafnvægi og stýring, hægri og vinstri beygjur.

Neminn stýri með annarri hönd sem og báðum höndum.

Neminn

- *horfi fram á veginn í akstri*
- *renni augum til beggja handa þegar ekið er*
- *noti rétt bensíngjöf, kúplingu og hemla*
- *haldi góðu jafnvægi í akstri með léttum beygjum*
- *haldi jöfnum hraða*
- *noti gírskiptingu á viðeigandi hátt.*

### 3.1.6 Mjög hægur akstur eftir beinni línu (snigilakstur).

Neminn

- *stjórnir hraða bifhjóls með bensíngjöf, kúplingu og hemlum*
- *haldi bifhjóli í jafnvægi eftir stöðvun.*

**3.1.7 Akstur í misstóra hringi.**

Neminn aki af öryggi í hringi

- með radíus frá 9m niður í 4,5m, á báða vegu og haldi jafnvægi
- og síðan aki út úr hring og hemli með báðum hemlum
- með 9m radíus á 30km hraða á báða vegu.

**3.1.8 Akstur í litlar og stórar áttur.**

Neminn aki í misstórar "áttur"

- um keilur með 10m millibili niður í 5m og halda jafnvægi
- og samtímis haldi jafnvægi með báða fætur á fóthvílu.

**3.1.9 Akstur í U-beygju.**

Neminn taki U-beygju á báða vegu í 1. gír, með báða fætur rétt staðsetta á fóthvílu, milli lína með millibílinu: beygjuradíus hjólsins +1m.

**3.1.10 Akstur eftir keilubraut.**

Neminn aki svingakstur eftir keilubraut með 9 keilum með mismikið bil milli keila, 6, 6, 5, 5, 4, 4, 3, og 3 metra, og samtímis haldið jafnvægi með báða fætur á fóthvílum.

**3.1.11 Stöðvun hjóls og nauðhemlun.**

Neminn

- stöðvi bifhjól mjúkt með hjálp hemla og kúplingar
- noti hemla framhjóls og afturhjóls á réttan og öruggan hátt.

Neminn beiti nauðhemlun á mismunandi hraða (30 - 60km) við ólíkar aðstæður.

Neminn aki að hindrun á 50 – 60km hraða og beiti gagnstýringu til að sveigja frá hindrun.

**3.1.12 Jafnvægisæfingar með farþega.**

Neminn aki með farþega undir þeim kringumstæðum sem um getur í æfingum 3.1.5 - 3.1.11 eða nánar tiltekið

- jafnvægi og stýring, hægri og vinstri beygjur
- mjög hægur akstur eftir beinni línu (snigilakstur)
- akstur í misstóra hringi
- akstur í litlar og stórar áttur
- akstur í U-beygjur
- akstur eftir keilubraut
- stöðvun hjóls og nauðhemlun.

**3.2 Akstur í umferð**

Markmið þessa hluta er að neminn fái þjálfun í að nota æfingarnar í 1. þrepi til þess að verða sjálfbjarga í umferð. 1. þrepi skal lokið áður en farið er með nemann út í umferðina. Nemanum skal kennt við fjölbreytilegar aðstæður í umferð, þó þannig að hvorki nema né annarri umferð stafi hætta af.

## Að loknu 2. þrepi skal neminn

- hafa fengið þjálfun í að sjá fram fyrir sig, til beggja hliða og í baksýnispegli akbrautina fyrir aftan sig
- vera fær um að staðsetja bifhjól rétt á akbraut
- hafa við skipulagningu eigin aksturs tileinkað sér að taka tillit til annarrar umferðar (akandi, hjólandi, gangandi, ríðandi), umferðarmerkja, umferðarljósa, hindrana og annarra aðstæðna í umhverfinu
- hafa tileinkað sér að gefa öðrum vegfarendum viðeigandi merki um hvað hann hyggst gera
- vera fær um að velja réttan hraða miðað við aðstæður
- hafa nægilegt vald yfir hjólinu til að geta ekið af öryggi í umferð þegar leiðsögn og eftirliti kennara sleppir.

Eftirtaldar æfingar miðast við að ná þessum markmiðum.

### 3.2.1 Tækni við að líta eftir annarri umferð.

Neminn

- nýti sér upplýsingar úr umhverfinu og frá öðrum vegfarendum til að draga úr áhættu
- aki af stað frá brún akbrautar og samlagast annarri umferð
- noti spegil til að afla sér upplýsinga
- meti hraða og stöðu annarra vegfarenda, svo sem gangandi vegfarenda, umferðar á mót, reiðhjóla og bifhjóla
- líti eftir því hvort börn eru að leik við akbraut
- fylgi umferðarreglum
- beiti merkjagjöf við akstur í umferð
- velji rétta akstursleið á akbraut.

### 3.2.2 Akstur á gatnamótum.

Neminn skipuleggi akstur um gatnamót með góðum fyrirvara.

Neminn

- noti aðferðir við merkjagjöf sem auðvelda akstur um gatnamót
- staðsetji bifhjól rétt í vinstri og hægri beygju
- stilli hraða bifhjóls rétt fyrir, í og eftir beygju
- meti á réttan hátt hraða þeirra ökutækja sem á veginum eru.

Neminn þjálfvi viðbrögð við því þegar aðrir ökumenn misreikna hraða og fjarlægð til lítilla ökutækja svo sem bifhjóla.

### 3.2.3 Staða á vegi, samspil í umferðinni, akreinaskipti o.fl.

Neminn

- átti sig á aðstæðum í margvíslegri umferð
- aki að jafnaði á hægri akrein þar sem fleiri en ein akrein er og átti sig á hvenær viðeigandi er að nota vinstri akrein
- skipti um akrein á öruggan hátt og hugi vel að „blinda svæðinu“ með því að líta til hliðar
- noti öruggar aðferðir við að taka U-beygju
- velji réttan hraða við ólíkar aðstæður

- *beri sig rétt að við akstur á undan og eftir öðru ökutæki miðað við ökuhraða, ástand vegar o.s.frv.*
- *aki rétt um ljósastýrð gatnamót*
- *aki í samræmi við góðar venjur um varnarakstur*
- *meti áhættu í þröngum götum þar sem búast má við að vegfarendur skjótist út á milli kyrrstæðra bifreiða*
- *aki á malarvegi.*

### 3.2.4 Nema staðar og aka af stað í brekku.

Neminn

- *noti hemla til að hindra að bifhjólíð renni afturábak*
- *aki af stað í brekku (upp og niður)*
- *noti kúplingu til að halda við þegar stansað er í stutta stund og ekið af stað á ný*
- *láti hjólíð renna í gang.*

### 3.2.5 Akstur með farþega í blandaðri umferð.

Neminn aki með farþega við ýmsar aðstæður í umferð, eftir því sem við verður komið.

## 3.3 Akstur við erfiðar aðstæður

Markmið þessa hluta er að neminn læri að aka bifhjólí við aðrar aðstæður en þær sem eru algengar á götum í þéttbýli að sumarlagi, svo sem á malarvegi, í myrkri, á vegi með bundnu slitlagi utan þéttbýlis og þar sem veggrip er takmarkað.

### Að loknu 3. þrepi skal neminn

- *hafa náð nokkru valdi á akstri bifhjóls á malarvegi*
- *vita hvernig á að aka bifhjólí á ósléttu yfirborði*
- *kunna að aka á þjóðvegi á öruggum hraða*
- *hafa tamið sér akstur á eða undir leyfðum hámarkshraða*
- *hafa tamið sér varnarakstur.*

Eftirtaldar æfingar miðast við að ná þessum markmiðum.

### 3.3.1 Akstur á þjóðvegi með bundnu og óbundnu slitlagi.

Neminn

- *aki bifhjólí á eða undir leyfðum hámarkshraða og eftir aðstæðum*
- *haldi jöfnum hraða*
- *aki rétt í beygjum og vegslaufum, við brýr og aðrar slíkar aðstæður*
- *aki af öryggi á malarvegi*
- *temji sér varnarakstur.*

### 3.3.2 Framúrakstur, mæting og akstur í myrkri.

Neminn

- *meti þörf og nauðsyn á framúrakstri*
- *noti réttar og öruggar aðferðir við framúrakstur*



Neminn bregðist rétt við loftsgögn sem vænta má af völdum stórra ökutækja, á brúum og við aðrar aðstæður þar sem loftsgögn getur truflað aksturinn.

### 3.4 Lokakennsla - ýmsar æfingar eftir þörfum nema.

Markmið þessa hluta er að neminn æfi þau atriði sem kennari telur helst ábótavant. Kennari getur stuðst við tilteknar æfingar úr þrepum 2-3. Kennari útskrifar ekki nema úr 4. þrepi öðruvísi en hann telji að neminn standist prófkröfur skv. þrepum 1-3 verklegs náms og sé sjálfbjarga á bifhjóli í umferð.

#### **Að loknu 4. þrepi skal neminn**

- *aka með sem mestu öryggi*
- *aka með fullri fyrirbyggju og framsýni*
- *aka með öryggisbúnað bifhjóls í lagi og nota verndarbúnað ökumanns á réttan hátt*
- *taka fullt tilliti til öryggis og heilsu annarra og umhverfisins*
- *fylgja fyrirmælum umferðarlaga, reglugerða og annarra ákvæða sem sett eru um akstur og umferð.*

## 4. kafli

# Próflýsing

### 4.1 Prófferlið

Tilgangur ökuþrófs er að meta hvort próftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti stjórnað hlutaðeigandi ökutæki af nægu öryggi og til að fá útgefið ökuskírteini.

Ökuþrófið skiptist í tvo hluta; fræðilegt próf og verklegt próf. Verklega prófið er þríþætt, munnlegt próf, æfingar á lokuðu svæði og aksturspróf í umferð.

Við próf skal ökunámsbók með vottorði um fullnægjandi ökukennslu samkvæmt námskrá liggja fyrir.

### 4.2 Fræðilegt próf

Í fræðilegu prófi sem er krossapróf er spurt um atriði er varða umferðarlöggjöf, gerðir bifhjóla, öruggan akstur þeirra og önnur atriði sem tilgreind eru í fræðilegum hluta námskrár. Í prófinu eru spurningar úr eftirtöldum efnispáttum:

- *Umferðarmerki*
- *Vegmerkingar og akreinatöflur*
- *Umferðarljós og merki lögreglu*
- *Forgangur á gatnamótum, hægri regla, merki um forgang*
- *Stöðvun og lagning ökutækja*
- *Gangbrautir, óvarðir vegfarendur, varúð*
- *Ökuskírteini og opinber umsýsla*
- *Ökutæki og umhverfispættir*
- *Ljós- og merkjanotkun*
- *Hraði og aðstæður, stöðvunarvegalengd*
- *Mannlegir þættir*
- *Almennir aksturshættir*
- *Skyndihjálp*

Próftaki skal hafa staðist verklega prófið áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst fræðilega prófið.

### 4.3 Verklegt próf

Prófið fer fram samkvæmt markmiðum námskrár fyrir bifhjólaréttindi og samkvæmt því sem fram kemur í próflýsingu. Við verklegan þátt bifhjólaþrófs notar prófdómari þar til gerð refsistigablöð sem merkt er á samkvæmt áður ákveðnum þáttum.

Prófið skal fara fram á bifhjólum sem skráð er til kennslu.

Prófið skiptist í tvo hluta:

**Hluti I** felur í sér munnlegt próf (um 5 mín.) og æfingar á plani (um 10 mín.). Próftaki þarf að standast munnlega þátt ökuþrófsins til að mega halda áfram í æfingar á plani. Standist próftaki ekki hluta I er prófi hætt án þess að prófað sé í hluta II og próftaka tilkynnt að próf sé ekki staðið og hvenær gera megi næstu tilraun.

**Hluti II** felur í sér akstur í umferð að lágmarki í 30 mín og hefst strax að loknum fyrri hluta prófs. Prófdómari útskýrir fyrir próftaka hvernig seinni hluti prófsins fari fram.

#### 4.3.1 Verndarbúnaður og öryggi í prófi

Prófdómari skal gæta þess að próftaki noti viðeigandi öryggis- og verndarbúnað, þ.e. hjálm, gleraugu ef við á, hanska og skó svo og klæðnað, t.d. leðurklæðnað, sem hlífir líkama við minniháttar hnjaski. Prófdómari skal aflýsa prófi telji hann að próftaki sé ekki varinn á fullnægjandi hátt, t.d. í þunnum fötum eða lélegum skóm.

Prófdómari skal gæta þess meðan munnlegt próf fer fram að bifhjólíð sem nota á í prófinu uppfylli skilyrði varðandi öryggisbúnað og tæki og hafi verið fært til lögboðinnar skoðunar. Sé einhverju þar að lútandi ábótavant fer próf ekki fram á slíku bifhjólí.

#### 4.3.2 Munnlegt próf

Tilgangur munnlegs prófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði bifhjólsins að hann geti haldið því þannig við að ekki verði um óeðlilegar bilanir að ræða sem gera það óöruggt í akstri eða auka verulega rekstrarkostnað þess. Einnig að hann geti greint galla eða bilanir er fram kunna að koma og verulegu máli skipta um öryggi.

Munnlegt próf er lagt fyrir próftaka við bifhjól á undan æfingum á lokuðu svæði. Í munnlegu prófi skal spyrja próftaka um efni úr fræðilegum og verklegum hluta námskrár, nánar tiltekið um mælaborð/gaumljós, öryggisbúnað, stjórnæki, vél og burðarvirki.

Hann skal geta svarað spurningum um

- *stjórnæki og gaumljós*
- *hemla*
- *stýrisbúnað, hjól og hjólbarða*
- *ljós, rafgeymi og spegla*
- *grind, fjöðrun og tilheyrandi búnað*
- *hreyfil, drif og pústkerfi*
- *öryggis- og verndarbúnað ökumanns og farþega.*

#### 4.3.3 Æfingar á lokuðu svæði

Próftaki skal hita upp hjólíð og sjálfa/n sig áður en þessi hluti prófsins hefst. Próftaka gefst færi á að fara um keilubraut einu sinni áður en formlegar prófæfingar hefjast.

Próftaki fer í neðangreindar æfingar undir stjórn prófdómara. Gera skal æfingar í réttri röð hverja á fætur annarri. Aðeins ein tilraun er heimil við hverja æfingu.

Æfingar eru þessar (tilvísanir eru í mynd á bls. 25):

### 1. Leiða hjól

Próftaki skal taka hjól af standara og leiða áfram og í sem næst 90° beygju til vinstri frá B-hliði til D og bakka hjólinu frá D og inn í C-hlið og setja á standara. Próftaki skal hafa fullt vald á hjóli.

### 2. Akstur um svæði og í U-beygju

Próftaki skal aka umhverfis keilusvæði eftir vali prófdómara annað hvort rangsælis eða réttisælis frá C-hliði og enda í U-beygju og stoppi í C-hliði. Hraði þarf að ná 30 km. Próftaki skal sýna rétta ásetu og ljúka hring á U-beygju án þess að fella keilur eða setja niður fót.

### 3. Snigilakstur

Próftaki skal aka eftir keilubrautinni endilangri á eðlilegum gönguhraða frá C-hliði í A-hlið, með prófdómara gangandi sér á aðra hönd og keilur á hina. Próftaki skal halda vel jafnvægi, án þess að rása eða setja niður fót. Miða skal við 5 – 7 km hraða.

### 4. Keilusvig

Próftaki skal aka eins og í svigi á milli níu keilna frá A-hliði til C-hliðs. Engin tímamæling er í þessari æfingu. Keilubilið skal vera minnkandi, byrjar á 6m og endar á 3m. Ef próf er tekið á óvenju stórt kennsluhjól má lengja bil milli síðustu keilna í 4m og C-línu samsvarandi. Próftaki skal ekki setja niður fót né fella keilur.

### 5. Nauðhemlun

Próftaki skal aka eftir aðkeyrslubraut að keilubrautinni við A-hlið og vera á 50 km hraða. Þegar komið er með framhjól í B-hlið skal próftaki nauðhemla af öryggi þar til hjólið hefur numið staðar. Miða skal við að hemlunarvegalegdin sé ekki lengri en 12m. Tillit má taka til votviðris á þann hátt að heimila lengri hemlunarvegalegd. Próftaki ræður hvort hann notar aðeins framhemla.

### 6. Sveigt frá hindrun

Próftaki skal aka eftir aðkeyrslubraut að keilubrautinni og vera á 50 km hraða. Þegar komið er með framhjól í B-hlið skal hann beita gagnstýringu og sveigja til vinstri hjá hindrun (C-línu) að E.

## Æfingar

1. Taka hjól af standara og leiða áfram frá B-hliði til D(90°) og bakkað frá D í C-hlið (90°) og sett á standara (rautt).
2. Ekið umhverfis keiluvæði eftir vali prófdómara annað hvort rangsælis eða réttisælis frá C-hliði og enda í U-beygju í C-hliði. Hraði þarf að ná 30 km. (svart).
3. Snigilakstur, ekið á eðlilegum gönguhraða (5-7 km hraða) frá C-hliði í A-hlið, (appelsínugult).
4. Keiluvíg frá A til C. Ef próf er tekið á óvenju stórt kennsluhjól má lengja bíl milli síðustu keilna í 4 metra og C-línu samsvarandi, engin tímamæling, (blátt).
5. Ekið á 50 km hraða að B-hliði og þar beitt neyðarhemlun að C-hliði, (grænt).
6. Ekið á 50 km hraða að B-hliði, og sveigt hjá hindrun (C-línu) að E með gagnstýringu, (ljósgrænt).

## Æfingar á lokuðu svæði

Uppstilling keilna og mál 15 keilur notaðar



#### 4.3.4 Akstur í umferð

Tilgangur akstursprófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu, athygli og færni sem þarf til að aka bifhjóli í umferðinni af öryggi fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur án stuðnings ökukennara.

Ökukennari próftaka, eða annar vanur bílstjóri sem próftaki leggur til, skal aka bifreiðinni á eftir próftaka sem ekur bifhjólinu en prófdómari stjórnar prófi og situr í farþegasæti bifreiðarinnar. Ökumaður bifreiðarinnar sem fylgir bifhjólinu má ekki með akstri sínum hafa óeðlileg áhrif á akstur próftakans. Komi upp vandamál með fjarskiptatækin sem nota skal í prófinu s.s. að boð berist ekki til próftaka skal stöðva próf og athuga hvort bætt verði úr með fínstillingu tækja en að öðrum kosti verður að hætta prófi og er þá próftaki beðinn um að aka að prófstað. Aksturspróf er þá tekið að nýju þegar næsta tilraun er gerð.

Prófdómari skal meta færni próftaka við eftirtalin helstu atriði:

##### 1. Öflun upplýsinga

Eftirtekt, hvernig próftaki aflar sér upplýsinga (horfir fram og til hliða, notar spegla, athugar blinda svæðið), yfirsýn yfir umferð.

##### 2. Upplýsingagjöf

Merkjagjöf, hraði, staðsetning og flutningur milli akreina, notkun ljósa.

##### 3. Staðsetning á akbraut

Jöfn og örugg ferð, notkun aðreina og fráreina, hægri og vinstri beygjur, akreinaval almennt og á tvöföldum beygjureinum, tillit til og hliðsjón af öðrum vegfarendum og kyrrstæðum ökutækjum, o.s.frv.

##### 4. Akstur með viðbúnaði

Skynsamlegt hraðaval, tillit til hvers konar aðstæðna, svo sem annarra vegfarenda og kyrrstæðra ökutækja, forgangur til þeirra sem hann eiga, framúrakstur (ef við á), notkun hemla, tillit til hraðatakmarkana.

##### 5. Hringtorg

Akstur inn í, um og út úr hringtorgum af mismunandi gerðum ef við verður komið.

#### 4.4 Prófdæming

Við mat á villum í verklegu prófi skal unnið eftir *viðmiðunarkvarða prófdómara* fyrir bifhjól. Viðmiðunarkvarðinn er gerður í samráði við Ökukennarafélag Íslands og segir til um hvað telst villa og hversu alvarleg hún er.

Umferðarstofa ákveður hvar ökuþróf (skrifleg próf og verkleg próf) fara fram. Aksturspróf skal halda þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni próftaka í umferð skal prófuð á vegum í þéttbýli og utan þess, við mismikla umferð, þar sem akstursskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanns, þannig að verulega reyni á ökuhæfni próftaka.



Taflan sýnir tengingu bóklegs og verklegs náms sem og lágmarkskennslustundir.

<b>Námsmarknið - fræðilegt nám</b>	<b>Námsmarknið - verklegt nám</b>	<b>A1</b>	<b>A2-A</b>
2.1 Inngangur	3.1 Æfingar á afmörkuðu svæði	2	4(2)
2.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin	3.2 Akstur í umferð	2	4(2)
2.3 Umferðarhegðun	3.3 Akstur við erfiðar aðstæður	0,5	2(1)
	3.4 Lokakennsla - ýmsar æfingar	0,5	1
	Verkegar kennslustundir alls	5	11(6)
	<b>Bóklegar kennslustundir*</b>	0	12

\*miðað er við að námi fyrir flokk B sé lokið